

Fræðsla og kynning á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf og notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA)

Haust 2012

Á haustmánuðum 2012 mun vera boðið upp á fræðslu og kynningu á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf og notendastýrðri persónulegri aðstoð til allra þjónustusvæða á landinu. Fræðslan er í tengslum við tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð og hefur verkefnastjórn um NPA, á vegum Velferðarráðuneytisins, falið NPA miðstöðinni, samvinnufélagi fatlaðs fólks um sjálfstætt líf, að sjá um framkvæmd hennar. Fræðslan er ætluð fötluðu fólki og aðstandendum þess, ásamt fagfólki og sveitarstjórnarfólki á hverju þjónustusvæði.

Markmið fræðslunnar er að kynna inntak og þýðingu hugmyndafræði baráttuhreyfinga fatlaðs fólks um sjálfstætt líf og helstu hornsteina hennar. Það er jafnframt að kynna reynslu annarra þjóða af notendastýrðri persónulegri aðstoð á grundvelli hugmyndafræðinnar og hvaða leiðir hafa verið farnar við innleiðingu og framkvæmd. Fræðslan mun einnig miðast að því að kynna reynslu fatlaðra frumkvöðla á Íslandi sem hafa verið með persónulega aðstoð í gegnum þjónustusamninga við ríki og sveitarfélög. Þeir mun varpa ljósi á þær leiðir sem þeir hafa farið við skipulag og uppbyggingu eigin aðstoðar, ásamt því að segja frá hvaða þýðingu það hefur að öðlast vald og um leið ábyrgð yfir eigin lífi, frelsi til að móta eigin lífstíl og taka þannig virkan þátt í samfélaginu.

Fræðslan mun fara fram með fjöggra klukkustunda fundi á hverju þjónustusvæði.

Yfirumsjón með fræðsluverkefninu hefur Freyja Haraldsdóttir, framkvæmdastýra NPA miðstöðvarinnar en hún mun bera ábyrgð á skipulagi funda á hverjum stað í samstarfi við þjónustusvæðin sjálf. Hægt er að hafa samband við Freyju á netfangið npa@npa.is og í síma 6912722 til þess að óska eftir fræðslu og/eða afla frekari upplýsinga um fræðsluna.

Til þess að NPA miðstöðin geti sem best skipulagt fræðsluverkefnið og komið til móts við óskir þjónustusvæða varðandi tímasetningar er æskilegt að tilkynna ósk um fræðslu fyrir 10. september nk.

Dagskrá fræðslunnar og upplýsingar um fyrirlesara fylgja þessu bréfi.

Guðmundur Steingrímsson, formaður verkefnisstjórnar um NPA

Freyja Haraldsdóttir, framkvæmdastýra NPA miðstöðvarinnar



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

